

Miðvikudaginn 21. nóvember 1945.

Kærumálið nr. 13/1945. Páll Zóphóníasson
gegn

Hedvig D. Blöndal.

Frávisunardómur héraðsdóms ómerktur.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 22. október þ. á., sem hingað barst 7. þ. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936 kært frávisunardóm, upp kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 22. október þ. á. í gagnsök sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinn áfrýjaði dómur verði felldur úr gildi og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og hér fyrir dómi eftir mati hæstaréttar.

Varnaraðili hefur engar kröfur gert né sent hæstarétti neina greinargerð af sinni hálfu.

Samkvæmt samningi sóknaraðilja og sameiganda hans að húsinu nr. 7 við Sóleyjargötu í Reykjavík 29. júní þ. á. skyldi sóknaraðili fá til afnota og umráða þann hluta af kjallara hússins, er hann krefst í gagnsökinni, að varnaraðili rými. Telja verður, að sóknaraðili hafi með samningi þessum m. a. fengið heimild frá sameiganda sínum til þess að koma einn fram gagnvart þriðja manni um notkun þessa hluta af íbúð varnaraðilja. Höfðun gagnsakarinnar fer því ekki í bága við 46. gr. laga nr. 85/1936. Verður því að ómerkja hina kærðu dómsathöfn.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kærumálskostnað í hæstarétti, sem ákveðst kr. 150.00.

Því dæmist rétt vera:

Hin kærða dómsathöfn á að vera ómerk.

Varnaraðili, Hedvig D. Blöndal, greiði sóknaraðilja, Páli Zóphóníassyni, kr. 150.00 í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. október 1945.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 18. þ. m., hefur Hedvig D. Blöndal, Sóleyjargötu 7 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 21. ágúst s. l., gegn Páli Zóphóníassyni alþingismanni, Sóleyjargötu 7 hér í bænum. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að úrskurður húsaleigunefndar Reykjavíkur, upp kveðinn 15. ágúst s. l., varðandi húsnæði það, er stefnandi nú býr í að Sóleyjargötu 7, verði úr gildi felldur, enda verði uppsögn stefnds á húsnæðisleigumála stefnanda, dags. 14. febrúar 1945, uppsögn konu stefnds, dags. 29. júní s. l., svo og tilmæli stefnds í sömu átt, dags. 19. júní s. l., metnar ógildar og að stefndur verði dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu.

Þá hefur Helga H. Eiríkssyni skólastjóra, Sóleyjargötu 7 hér í bæ, verið stefnt til réttargæzlu í málinu, en hann og stefndur Páll eru sameigendur hússins nr. 7 við Sóleyjargötu. Hafa engar kröfur verið gerðar á hendur stefndum Helga, og hann hefur ekki sótt þing né sækja látið.

Stefndur, sem hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda svo og málskostnaðar sér til handa, hefur höfðað gagnsök með gagnstefnu, útgefinni 17. f. m. Hefur gagnstefnandi gert þær dómkröfur í gagnsök, að viðurkennt verði með dómi, að leigumála gagnstefnds (aðalstefnanda) um húsnæði það, er hún nú býr í að Sóleyjargötu 7, sé slitið, að því er varðar hálf teldhús, hálfa geymslu, hálf baðherbergi, nyrta herbergi í vesturhlið hússins, herbergi milli þess og eldhúss og eystra herbergið í suðurenda hússins, og að henni verði gert að rýma húsnæði þetta þegar í stað. Þá hefur gagnstefnandi krafizt málskostnaðar sér til handa að mati dómars.

Gagnstefndi hefur aðallega krafizt þess, að gagnsökinni verði vísað frá bæjarþinginu, en til vara, að hún verði sýknuð af kröfum gagnstefnanda. Þá hefur gagnstefndi krafizt málskostnaðar sér til handa í gagnsök að mati dómars.

Gagnstefnandi hefur krafizt þess, að frávisunarkröfunni verði hrundið og honum dæmdur málskostnaður úr hendi gagnstefnda. Munnlegur málflutningur fór fram um frávisunarkröfuna 18. þ. m.

Málavextir eru þessir:

Árið 1934 tók aðalstefnandi á leigu íbúð í kjallara hússins nr. 7 við Sóleyjargötu hér í bænum, en hús þetta, sem er tvær hæðir, ris og kjallari, var þá í óskiptri sameign Helga H. Eiríkssonar og annars nafngreinds manns. Leigumálinn mun ekki hafa verið skriflegur, en með venjulegum kjörum og til óákveðins tíma. Býr aðalstefnandi enn í íbúð þessari, sem er 4 íbúðarherbergi, ytri forstofa innri forstofa, eldhús, baðherbergi og geymsla. Heimilisfólk aðalstefnanda er hún sjálf, þrjú börn hennar uppkomin og tvö ung

fósturbörn. Árið 1939 eða 1940 keypti aðalstefndur hálfa húseign þessa og á hana nú í óskiptri sameign með áðurgreindum Helga. Aðalstefndur býr á efri hæð hússins, sem er 5 íbúðarherbergi, ytri forstofa, innri forstofa, eldhús, baðherbergi og geymsla, og hefur auk þess til afnota tvö íbúðarherbergi á rishæðinni. Býr aðalstefndur í húsnæði þessu með konu sinni, einni dóttur uppkominni og þjónustustúlku. Auk þessa eru á heimili aðalstefnds sonur hans kvæntur og tvö ung börn þeirra hjóna. Fólk þetta kom hingað til lands í júlímánuði s. l. eftir langdvöl erlendis. Þá hefur annar sonur aðalstefnds búið hjá honum ásamt konu sinni og einu ung barni, en hann mun hafa rýmt þaðan 15. f. m. og fengið sér íbúð á leigu annars staðar, sem hann þó hefur skuldbundið sig til að rýma, þegar endanlega sé útkljáð þetta mál aðiljanna. Með bréfi, dags. 14. febrúar 1945, sagði aðalstefndur aðalstefnanda upp leigumálanum um húsnæði hennar til brottflutnings 14. maí s. l. og færði fram þær ástæður, að hann þyrfti að nota handa syni sínum sinn hluta íbúðar þeirrar, er aðalstefnandi bjó í. Uppsögn þessi er undirrituð af aðalstefndum einum. Þann 19. júní s. l. ritaði aðalstefndur aðalstefnanda bréf og óskaði þess, að hún rýmdi íbúð sína fyrir 1. okt. s. l. Þann 29. júní s. l. ritaði kona aðalstefnds fyrir hans hönd aðalstefnanda bréf og sagði henni þar upp leigumálanum, að því er varðaði þann hluta íbúðarinnar, er hún taldi aðalstefnda eiga afnotarétt að, en það er: hálft eldhús, hálft geymsla, hálft baðherbergi, nyrzta herbergi í vesturhlið hússins, herbergi milli þess og eldhúss, svo og eystra herbergi í suður-enda hússins. Skyldi aðalstefnandi rýma húsnæði þetta þann 1. okt. s. l., en aðalstefndur kveðst þurfa húsnæði þetta handa syni sínum. Sama dag undirritaði kona aðalstefnds fyrir hans hönd og nefndur Helgi H. Eiríksson svo hljóðandi samning: „Við undirritaðir eigendur húseignarinnar nr. 7 við Sóleyjargötu, Reykjavík, höfum komið okkur saman um að skipta afnotarétti kjallaraíbúðar hússins, sem hér segir: Í hlut Páls Zóphóniassonar kemur: Hálft eldhús, hálft geymsla, hálft baðherbergi, nyrzta herbergi í vesturhlið hússins (snýr að Sóleyjargötu), herbergi milli þess og eldhúss og eystra herbergi í suðurenda hússins. Afnotaréttur af hinum hluta íbúðarinnar skal koma í hluta meðundirritaðs meðeiganda hússins Helga H. Eiríkssonar.“ Með yfirlýsingu, dags. 16. júlí s. l., lýsti Helgi H. Eiríksson yfir því, að honum stæði á sama, hvor hluti íbúðarinnar félli í hans hlut. Áðurgreind uppsögn var síðan borin undir húsaleigunefnd Reykjavíkur, og var málið sótt og varið þar. Með úrskurði, upp kveðnum 15. ágúst s. l., mat nefndin uppsögnina gilda, að því er varðaði nyrzta herbergið í vesturhlið hússins, eystra herbergið í suðurenda þess. Enn fremur bæri aðalstefnanda að láta aðalstefndum í té afnot af eldhúsi, geymslu

og baðherbergi á móti sér, en afnotarétt að ytri og innri forstofu skyldu aðiljar hafa að jöfnu.

Kröfu sína um, að gagnsökinni verði vísað frá bæjarþinginu, byggir gagnstefndi á því, að gagnstefnandi hafi ekki heimild til þess að höfða einn mál út af húsnæðisleigumála hennar, þar sem kjallarinn sé í óskiptri sameign. Hinn sameigandinn, Helgi H. Eiríksson, hafi ekki tekið þátt í málshöfðun þessari og beri því samkvæmt ákvæðum 46. gr. laga nr. 85 frá 1936 um meðferð einkamála í héraði að vísa málinu frá dómi. Að því er varðar „skiptagerninginn“ frá 29. júní s. l., þá telur gagnstefndi, að hér sé um hreinan málamyndagerning að ræða, enda viðurkennt af umboðsmanni gagnstefnanda í greinargerð, að hann hafi aðeins verið gerður í þeim eina tilgangi að losa húsnæðið. Þá hefur gagnstefndi bent á, að í umræddum samningi sé aðeins skipt afnotarétti að kjallaraíbúðinni, en sameigninni sem slíkri ekki skipt. — Telur gagnstefndi, að þar sem hún hafi í upphafi tekið húsnæðið á leigu hjá sameigendunum, verði þeir nú báðir að eiga aðild að málshöfðun út af leigmálanum, og geti umræddur „skiptagerningur“ ekki breytt neinu um það efni gagnvart sér.

Kröfu sína um að frávísunarkröfu gagnstefnda verði hrundið byggir gagnstefnandi á því, að hann eigi einn aðild að gagnsökinni, þar sem hún taki aðeins til þess hluta íbúðar gagnstefnda, sem hann hafi fengið óskoraðan afnotarétt yfir með samningi þeirra sameigenda hússins frá 29. júní s. l. Hefur gagnstefnandi mótmælt því, að hér sé um málamyndagerning að ræða, enda hafi samningurinn ýmsan annan tilgang en að fá rýmt húsnæðið í kjallaranum. Hefur gagnstefnandi viðurkennt, að sameign þeirra, hans og Helga H. Eiríkssonar, að kjallara hússins standi enn óbreytt, en með áðurgreindum samningi hafi þeir skipt með sér afnota- og ráðstöfunarrétti á honum, og sé sér því heimilt að höfða einn mál þetta, enda varði það aðeins sinn hluta kjallarans, eins og áður segir.

Svo sem að framan greinir, er það fram komið í málinu, að gagnstefndi tók umrædda íbúð á leigu af sameigendum hússins og gagnstefnandi hefur tekið við réttindum og skyldum annars þeirra. Þá er og fram komið, að íbúð þessi er enn í óskiptri sameign gagnstefnanda og sameiganda hans. Í samningi þeirra sameigendanna frá 29. júní s. l. er þess aðeins getið, að þeir skipti „afnotarétti“ íbúðarinnar, en ekki eignarréttinum. Þar sem íbúð gagnstefnda er þannig í óskiptri sameign gagnstefnanda og sameiganda hans, eiga þeir óskipta sakaraðild gagnvart gagnstefnda og verða báðir að taka þátt í málshöfðun til þess að fá slitið leigumála hennar um íbúðina, hvort sem um ræðir nokkurn hluta hennar eða alla, enda verður ekki talið, að margnefndur samn-

ingur sameigendanna um afnotaréttinn geti gert hér nokkra breytingu á.

Með skírskotun til þessa ber því samkvæmt ákvæðum 46. gr. einkamálalaganna að taka kröfu gagnstefnda til greina og vísa gagnsökinni frá dómi.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að gagnstefnandi greiði gagnstefnda kr. 100.00 í málskostnað.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Framangreindri gagnsök er vísað frá bærjaþinginu.

Gagnstefnandi, Páll Zóphóníasson, greiði gagnstefnda, Hedvig D. Blöndal, kr. 100.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. nóvember 1945.

Nr. 57/1945. **Friðrik Guðjónsson** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn

H/f Hrönn og gagnsök
(Gunnar Þorsteinsson).

Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Héraðsdómur ómerktur vegna galla, og málinu heimvísað.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Hannes Guðmundsson, fulltrúi bæjarfógetans á Siglufirði, ásamt sjódomsmönnunum Guðmundi Jónssyni og Sveini Þorsteinssyni.

Hinum frýjaða dómi er mjög ábóta vant í ýmsum greinum. Þar er ekki greind krafa stefnanda í héraði um viðurkenningu á sjóveðrétti og ekki er minnst á dómkröfur stefnda. Atvikalýsing er mjög ófullkomin. Meðal annars vantar lýsingu á athöfnum skipverja á skipum þeim, er við málið koma, og hversu langan tíma b/v Geir tafðist frá veiðum. Þá rekur hvorki dómurinn né metur nægjanlega málsástæður fyrir því, hvort um björgun eða aðstoð hafi verið að tefla. Hvorki er í forsendum minnst á þá fjárhæð